



Borgarráð

Reykjavík, 10. apríl 2025

MSS25030096

### **Tilnefning fulltrúa Reykjavíkurborgar í innflytjendaráð**

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilnefna Helenu Wolimbwa, starfsmann Alþjóðateymis og Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur, verkefnastjóra fjölmenningar í grunnskólum, til vara, sem fulltrúa Reykjavíkurborgar til setu í innflytjendaráði, til næstu alþingiskosninga, sbr. hjálagða beiðni félags- og húsnæðismálaráðuneytisins frá 21. mars sl.

Heiða Björg Hilmisdóttir  
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi félags- og húsnæðismálaráðuneytisins dags. 21. mars 2025 með beiðni um tilnefningu Reykjavíkurborgar í innflytjendaráð.



**Reykjavík**

**Frá:** Áshildur Linnet

**Til:** Skjalastýring

**Sent:** 21.3.2025 14:15:06

**Efni:** Ósk um tilnefningu í innflytjendaráð

Þú færð ekki oft tölvupóst frá [ashildur.linnet@frn.is](mailto:ashildur.linnet@frn.is). [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Tilvísun í mál: FRN25030413

Reykjavíkurborg

Samkvæmt 4. gr. laga um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, skal ráðherra skipa sjö manna innflytjendaráð eftir hverjar alþingiskosningar.

Fyrirnefnd 4. gr. laganna hljóðar svo;

*„Eftir hverjar alþingiskosningar skipar ráðherra sjö manna innflytjendaráð. Ráðherra skipar tvo fulltrúa án tilnefningar, þ.e. formann og einn fulltrúa, og skal að minnsta kosti annar þeirra vera úr hópi innflytjenda. Auk þess skal ráðherra skipa einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá þeim ráðherra sem fer með málefni útlendinga, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá þeim ráðherra sem fer með heilbrigðismál, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá þeim ráðherra sem fer með fræðslumál, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu frá Reykjavíkurborg. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.*

*Komi til atkvæðagreiðslu í innflytjendaráði og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.*

*Forstjóri Vinnumálastofnunar eða fulltrúi hans skal sitja fundi innflytjendaráðs með málfrelsi og tillögurétt.“*

Með vísan til ofanritaðs er hér með óskað eftir að Reykjavíkurborg tilnefni einn fulltrúa og annan til vara til setu í innflytjendaráði til næstu alþingiskosninga.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé þó heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ráðherra velur úr tilnefningum þannig að kynjaskipting verði sem jöfnust við skipun innflytjendaráðs, sbr. 1. mgr. ákvæðisins.

Þess er vinsamlega óskað að umbeðnar tilnefningar berist ráðuneytinu á netfangið [frn@frn.is](mailto:frn@frn.is) fyrir 4. apríl nk., ásamt upplýsingum um kennitölur og netföng þeirra aðila sem tilnefndir verða. Ekki er gert ráð fyrir að greidd verði laun eða önnur þóknun af hálfu ráðuneytisins fyrir setu í innflytjendaráði.

Fyrir hönd félags- og húsnæðismálaráðuneytisins



**Áshildur Linnét, sérfræðingur / Special Advisor**

Félags- og húsnæðismálaráðuneytið / Ministry of Social Affairs and Housing

Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8100

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN  
2022 - 2025

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing